

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1166/2012

2013/EES/37/20

frá 7. desember 2012

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun dímetýldíkarbónats (E 242) í tiltekna áfenga drykki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 4) Umsókn um leyfi fyrir notkun dímetýldíkarbónats (E 242) í allar vörur sem tilheyra flokknum 14.2.8 („Aðrir áfengir drykkir, þ.m.t. blöndur úr áfengum og óáfengum drykkjum og brenndir drykkir með alkóhólinnihald undir 15%“), var lögð fram 4. október 2011 og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.
- 5) Dímetýldíkarbónat (E 242) er notað í drykkjarvörur sem eru dauðhreinsaðar kaldar. Efnið virkar gegn sveppum og bakteríum og nýtist einkum til að takmarka gerilsneyðingu. Þessi notkun gerir kleift að rotverja drykkjarvörur á skilvirkan hátt án þess að það hafi áhrif á keim þeirra og bragð. Þar að auki er takmörkuð gerilsneyðing kostnaðarhagkvæmari og umhverfisvænni. Efnið er sem stendur heimilað til notkunar í ýmsum flokkum áfengra og óáfengra drykkja.
- 6) Vísindanefndin um matvæli mat dímetýldíkarbónat (E 242) síðast árið 2001⁽³⁾. Efnið er ekki talið varasamt frá eiturefnafræðilegu sjónarmiði, þar eð innan 250 mg/l

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 336, 8.12.2012, bls. 75. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2013 frá 14. júní 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

⁽³⁾ SCF/CS/ADD/CONS/43 lokagerð, 12. júlí 2001.

notkunarmarkað þess er það óstöðugt og brotnar niður í efni sem skilja eftir sig leifar sem taldar eru hættulausar. Það bendir til þess að þessi notkun skapi ekki hættu fyrir heilbrigði. Því er rétt að leyfa notkun dímetýldíkarbónats (E 242) til að rotverja allar vörur sem tilheyra flokknum 14.2.8 („Aðrir áfengir drykkir, þ.m.t. blöndur úr áfengum og óáfengum drykkjum og brenndir drykkir með alkóhólinnihald undir 15%“).

- 7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar uppfærslan, sem um er að ræða, getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun dímetýldíkarbónats (E 242) sem rotvarnarefnis í allar vörur, sem tilheyra flokknum 14.2.8 telst uppfærsla á þeirri skrá, sem getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.
- 8) Samkvæmt umbreytingarákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum⁽⁴⁾, gildir II. viðauki, þar sem komið er á fót skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt eru til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra, frá 1. júní 2013. Til að unnt sé að leyfa notkun dímetýldíkarbónats (E 242) sem rotvarnarefnis í öllum vörum í flokknum 14.2.8 fyrir þessa dagsetningu er nauðsynlegt að tilgreina fyrri gildistökudag að því er varðar þetta matvælaaukefni.
- 9) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO
